

LÆKJARSKÓLI

Skólaárið 2016-2017

Valgreinar

Valgreinar

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er miðað við að tímafjöldi nemenda allt að 37 stundir á viku og getur frjálst val í 8., 9. og 10. bekk verið frá fjórum upp í sex stundir. Mikið úrval er af valgreinum og er nauðsynlegt að kynna sér framboðið mjög vel.

Fyrir utan það sem boðið er upp á innanhúss hjá okkur í Lækjarskóla eru miðlægar valgreinar í boði fyrir nemendur í grunnskólum Hafnarfjarðar. Nemendur í Lækjarskóla hafa nú þegar fengið góða kynningu á þeim.

Flensborgarskólinn er með kynningu á framhaldsskólaáföngum fyrir þá sem hafa náð hæfniviðmiðum 10. bekkjar að mestu og eiga erindi í 1. áfanga framhaldsskólans frá hausti í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði.

Nemendur í 7. - 9. bekk velja fjórar valgreinar af valgreinalista. Nemendur velja þannig greinar til vara ef einhver grein fellur niður sökum fámennis, áreksturs í stundatöflu o. þ.u.l. Merkja þarf valdar greinar frá einum upp í fjóra eftir áhuga. Valgreinalisti breytist alltaf eitthvað milli ára með tilliti til þeirra starfsmanna sem skólinn hefur á sínum snærum hverju sinni.



- Skila valblaði þann 20. apríl í síðasta lagi.
- Muna að bæði nemandi og forráðamaður skrifa undir valblaðið.

Köku og brauðlist

Nemendur læra að baka einfaldar og flóknari uppskriftir. Unnið með gerbakstur (bæði þurrger og pressuger), hrært deig, hnoðað deig og þeytt deig. Markmið er nemendur geti bakað á fjölbreyttan hátt bæði til heimilisins og þegar veislu ber að garði. Nemendur þurfa að geta farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og bakstri. Einnig að nemendur séu sjálfstæðir í vinnubrögðum. Uppskriftir koma úr ýmsum áttum. Nemendur fá uppskriftahefti í lok annar. Lagt verður mat á vinnu í tímum, frumkvæði, skipulag, sjálfstæði og vinnusemi. Eitt verklegt próf er í lok annar. Tími: Þriðjudagar 14:10

Matarlist.

Matreitt er úr grænmeti, ávöxtum, kjöti og fisk, einfaldur veislumatur eldaður og fjölbreyttur bakstur frá öllum heimsálfum. Að nemendur þekki og geti notað upplýsingar á mætvælaumbúðum. Leggja mat á eigin neyslu, þarfir og gerviparfir. Markmiðið er að nemendur geti sagt frá íslenskri og erlendri matarmenningu og matreitt ýmsa þjóðarrétti. Að nemendur geti farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu. Einnig að nemendur geti verið sjálfstæðir við vinnu í eldhúsi og við innkaup á matvörum. Uppskriftir koma úr ýmsum áttum. Lagt verður mat á vinnu í tímum, frumkvæði, skipulag, sjálfstæði og vinnusemi. Eitt verklegt próf er í lok annar. Tími: Miðvikudagar 14:10.

Hettupeysan mín – fatasaumur – nemendur sauma hettupeysu.

Ferlið frá hugynd að fullunninni flík. Þróuð er hæfni nemandans til að setja fram hugmynd, vinna með snið, sníða og sauma. Tími: Mánudagar kl. 14:10

Salsa og fleiri Latin-American dansar

Suðramerískir dansar - skemmtilegir dansar við suðræna tónlist. Tími: Miðvikudagar kl. 14:10.

9. bekkur = 10. bekkjarstærðfræði

Spannar 2 tíma á viku. Nemendur geta að loknum 9. bekk þá farið í stærðfræði á framhaldsskólastigi í 10. bekk. Tími: Mánudagar 14:30

Stærðfræði 103

– þetta er áfangi sem gefur enn betri undirbúning fyrir stærðfræði í framhaldsskólanum.



Til þess að hægt verði að starfrækja valhóp þurfa a.m.k. 13 nemendur að vera skráðir í valgreinina.



Spil

Spil: Lögð verður áhersla á að spila gömul og góð spil. Eins eiga nemendur eftir að kynnst nýjum spilum. Borðspil og gamli góði spilastokkurinn. Tími: Föstudagar kl. 14:10

Boltaíþróttir

Í þessum áfanga kynnumst við og spilum boltaíþróttir. Kjörið fyrir þá sem hafa gaman af íþróttum og vilja skemmtilega útrás. Markmið áfangans er að kynnst þessum helstu boltagreinum á jákvæðan og skemmtilegan hátt og spila og þjálfast í þeim. Skemmtilegur áfangi fyrir þá sem hafa gaman af íþróttum. Tími: Miðvikudagar 14:10

Heimur íþróttanna

Íþróttافرæði—lífstíll og sport 2 st. á viku Tækifæri til þess að kynnst hinum ýmsu íþróttagreinum. Einnig verður farið í grunninn í íþróttافرæði, næringu o.fl. Tími: Mánudagar kl. 14:10





Jóga

Hugmyndafræði jóga, hugleiðsla og öndun, farið verður yfir helstu jógastöður og slökun í lok hvers tíma.

Hópeflisleikir. Markmiðið er að auka líkamsvitund. Hinar ýmsu jógastöður sem geta hjálpað þeim að ná árangri í íþróttum. Aðferðir við að efla einbeitingu. Tími: Föstudagar kl. 14:10

Skapandi "Selfie"

Viltu læra að hanna frumlega sjálfsmynd? Þú mun fræðast um skapandi verk sem verða kveikja að nýjum hugmyndum. Á námskeiðinu læra nemendur undirstöður í myndvinnsluforritum Paint.net og Gimp, öðlast færni í að blanda teikningum við tölvugrafík og styrkja sköpunarkraftinn sinn í gegnum skapandi hugsun. Nemendur eru hvattir til frumleika, hugmyndaflugs og sjálfstæðra vinnubragða eins og kostur er. Tími: Þriðjudagar kl. 14:10

Skrautskrift

Langar þig til að skrifa fallega í fermingarbókina þína, gestabækur, afmæliskort eða bréfsefni við önnur tækifæri? Gott námskeið fyrir alla í 8. - 10. bekk sem hafa mikinn áhuga á ýmsum skriftartegundum og vilja öðlast færni í skrautskrift. Á námskeiðinu læra nemendur undirstöðuatriði skrautskriftar til að ná tökum á gotneska skrautskriftarletrinu. Nemendur fá einnig tækifæri til að skapa sitt eigið letur. Tími: Miðvikudagar kl. 14:10

Blak

Blaktímar verða kynjaskiptir: Stelpublak á haustin og strákaþlak á vorin.

Fjöldi: 12 stelpur (strákar), 6 leikmenn í hvoru liði. Reyndur blakþjálfari, þjálfaði stelpur í 3. og 4. flokki (13-14 ára). Árið 1996 yngri stelpur Íslandsmeistarar í blaki. Tími: Föstudagar kl. 14:10



***Ath.
einhverjar
valgreinar
gætu fallið
niður, fáist
ekki næg
þátttaka.***

***Tíma-
setningar á
valgreinum
gætu
breyst.***

Ég er sko algjörlega
slakur!!



Atburðastjórnun og hópefli

Undirbúningur fyrir hinar ýmsu upptökur í félagslífi Lækjarskóla.

Í þessu vali myndum við einnig fara vel yfir ýmislegt sem ungt fólk er að þæla í, hópefli, útivist, heim-sóknir, fræðsla, æfingar í framsögn og ýmislegt fleira. Tími: Mánudagar kl. 14:10.

Slökun að hausti 2016.

Boðið er upp á 40 mín á viku. Farið yfir mikilvægi slökunar og kenndar jafnvægisæfingar og höfuðnudd. Nútíma rannsóknir gefa sterkar vís-bendingar að afleiðingar streitu eru mjög margvís-legar. Mikilvægt er að þekkja sín mörk þar og vinna meðvitað með eigin líkama. Á námskeiðinu er einnig fræðsla um: svefn og hollar matarvenjur. Tími: Þriðjudagar kl. 14:10.



© Can Stock Photo - csp4396568

Íslenska fyrir nemendur í 9. sem vilja einnig ljúka 10. bekkjarnámsefni
Í þessu vali ljúka nemendur íslensku 10. bekkjar með því sjónarmiði að nemendur geta valið íslensku í Flensburg í 10. bekk. Tími: Miðvikudagar kl. 14:10.

Heimanám I

Heimanámsaðstoð – nemendur vinna heimaverkefni undir leiðsögn og aðstoð kennara í skólanum. Tími: Mánudagar kl. 14:10.

Heimanám II

Heimanámsaðstoð – nemendur vinna heimaverkefni undir leiðsögn og aðstoð kennara í skólanum. Tími: Þriðjudagar kl. 14:10



Ítarlegri áfanga- lýsingar á heimasíðu



Kvikmyndir

Horft á sögulegar bíómyndir og kvikmyndir sem hafa staðið upp úr í kvikmyndasögunni.

Nemendur eiga að horfa á með gagnrýnum hætti og beita fyrirframgefnum aðferðum við að setja fram meðvitaða gagnrýni. Tími: Miðvikudagar kl. 14:10.

Útivist

Göngur í nágrenni Hafnarfjarðar og jafnvel víðar. Fræðsla um útivist. Ganga á uppbrotsdögum. Tími: Mánudagar kl. 14:10.

Mannkynssaga

Tekin fyrir ýmsir helstu og stærstu atburðir mannkynssögunnar. Heimstyrjaldirnar, Napóleón, Gjengis Kahn og svo tækniuppgötvanir s.s. hjólið, gufuvélin, verksmiðjur og áhrif iðnvæðingar á búsetu. Tími: Föstudagar kl. 14:10

Skipulagt nám og íþróttaiðkun utan skóla metið sem valgrein.

Í lögum um grunnskóla frá 2008 segir: „Heimilt er að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla, t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af grunnskólánámi samkvæmt nánari útfærslu í aðalnámskrá grunnskóla. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af því leiðir þótt námið njóti viðurkenningar í stað skyldunáms. Jafnframt er heimilt að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám, enda falli það að markmiðum skólastarfs“. Dæmi um skipulagt nám og íþróttaiðkun sem skólastjórn Lækjarskóla mun samþykkja að meta til valgreina er: skipulagt tónlistarnám, íþróttaiðkun, s.s. samkvæmisdans, fótbolti, handbolti, karate, skylmingar, fimleikar og hestaíþróttir. Einnig er samþykkt listnám eins og ballett, myndlist og leiklist. Hver grein utan skóla jafngildir 2 kennslustundum á viku í vali. Hver nemandi getur fengið mest metnar 4 kennslustundir á viku stundi hann utan skóla nám/íþróttir í tveimur aðskildum greinum. Nemendur sem hyggjast fá ofangreint metið þurfa að merkja sérstaklega við það á valblaði sínu þegar þeir velja fyrir komandi skólaár. Síðan þurfa þeir að skila til skrifstofu skólans staðfestingu frá viðkomandi skóla/íþróttafélagi í síðasta lagi fyrir 10. september 2016

Leiklist – Gaflaraleikhúsið

8. *bekkjar* leiklistarval Gaflaraleikhússins

2 einingar (70 kennslustundir/48 klukkustundir)

Leiklistarþjálfun í formi æfinga og leiklesturs til að efla sjálfstraust, virkni, framkomu og leikræna tjáningu. Innifaldar eru heimsóknir á æfingar/sýningar hjá leikhúsum og leikhópum). Spunaleikir til að virkja skapandi hugsun og samvinnu í hóp.

Tími; um 2 klst. 1x í viku á mánudögum í um 24 vikur (september-apríl), á bilinu kl. 16-18.

9. *bekkjar* leiklistarval Gaflaraleikhússins

2 einingar (70 kennslustundir/48 klukkustundir)

Leiklistarþjálfun í formi æfinga og leiklesturs með áherslu á tjáningu, spuna og leikframkomu. Æfðir stuttir leikþættir. Innifaldar eru heimsóknir á æfingar/sýningar hjá leikhúsum og leikhópum). Lýkur með opinni æfingu sem verður opin aðstandendum og skóla.

Í um 2 klst. 1x í viku á þriðjudögum í um 24 vikur (september-apríl), á bilinu kl. 16-18.

10. *bekkur*

10. bekkjar leiklistarval Gaflaraleikhússins – Skapandi Leikhús

2 einingar (70 kennslustundir)

Leiklistarval þar sem þátttakendur taka þátt í uppsetningu leiksýningar/söngleiks að ákvörðun þátttakenda þar sem verkefnið er undirbúningur, æfingar og leiksýning með öllum þeim verkefnum sem þarf að leysa fyrir eina leiksýningu (leikur, söngur, búningar, tónlist, kynning o.fl.)

Eftir kl. 16 virka daga og um helgar frá því í lok nóvember fram að grunnskólahátíð í febrúar 2016 með mismikilli vinnu eftir vikum og mest í byrjun febrúar. Sérstök tímaáætlun kemur á haustönn. Lýkur með leiksýningu(m).

Verk- og listgreina- val Tækniskólans

2 einingar (18 vikur, 54 kennslustundir)

Nemendur kynnst ólíkum viðfangsefnum í list- og verknámi sem kynntar eru í lotu-kerfi þar sem hver nemandi velur *þrjú* af eftirfarandi viðfangsefnum:

Listnám (formlistir, sjónlistir)

Tréið

Málmið

Rafið

Upplýsinga- tækniskólinn

Pípulagnir

Tækniteiknun

Hvert viðfangsefni tekur sex vikur, 3 kennslustundir á vik (3 x 40 mín.).

Í þessum sex vikna lotum í hverri grein fá nemendur tækifæri til að hanna og smíða eigulega gripi undir leiðsögn færustu kennara.

Fjölmiðla- og kvikmynd- daval 2016-2017 fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar

Menntasetrið við Lækinn –
Miðstöð símenntunar

2 einingar (24 vikur, 72
kennslustundir).

Að kynna nemendum
tækifæri sem felast í
frekara námi í fram-
haldsskólum í tengdum
greinum og sérnámi eftir
framhaldsskóla.

Að auðvelda
grunnskólanemendum
námsval í framhaldsskóla.

Að kynna nemendum
helstu tæki og tól sem
notuð eru á fjölmiðlum,
einkum ljósvakamiðlum og
í kvikmyndagerð og við
nýmiðlun (vefsíðugerð og
streymi)

Að nemendur kynnist
handbragði og kröfum sem
gerðar eru til faglegrar
vinnu við tæknistörf og læri
verkaskiptingu og kosti
samstarfs við úrlausn
flóknari verkefna.

Mánudögum kl. 15-18 frá
september til apríl en um
leið óreglulega því
upptökur og úrvinnsla
upptaka geta verið á
öðrum tímum.

Skipstjórn – smáskipanám að 12m

115 kennslustundir alls. Metið sem 4 en 6 einingar í
framhaldsskóla.

Að kynna nemendum undirstöðubætti í siglingafræði,
þannig að þeir geti með aðstoð þeirra tækja sem um
borð eru, staðsett skip, reiknað út stefnur og siglt
skipi af öryggi við raunhæfar aðstæður til fiskveiða
og milli hafna, að loknum tilskyldum siglingatíma.

Að nemendur hafi að námi loknu, öðlast þekkingu og
skilning á þeim þáttum námsins sem gerir þeim fært
að að ljúka smábátanámi til skipstjórnar í lok tíma-
bils.

Námið veiti nemanda þekkingu til að annast skip-
stjórn, þar sem lögð er áhersla á öryggismál með til-
liti til búnaðar, veðurs og sjólags. Að þessu skal
stefnt með eftirfarandi áherslum :

kennslu í siglingafræði og samlíki (hermi) – vinna í
sjókorti (prófáfangi)

kennslu um siglingareglur (prófáfangi)

kennslu um stöðugleika og sjóhæfni skipa og skip-
stjórn (prófáfangi)

Aðrir þættir eru: slysavarnir á sjó, siglingatæki og
fjarskipti, vélfræði, veðurfræði og umhverfisvernd.

Tími: Kennt einu sinni í viku í 3,5 kennslu-
stundir í 30 vikur í Menntasetrinu við Lækinn.
Kennt á mánudögum frá kl. 14.40-17 frá 29. ág.-19.
des. (15 vikur) og 9. jan.-29. maí (15 vikur).

Skila valblöðum í síðasta lagi þann 20. apríl!

Valblaði þarf þá að skila útfylltu og undirrituðu af nemanda og forráðamanni til umsjónarkennara.

Ath. Það þarf sem sagt að velja fjórar greinar á hvorri önn, þ.e. fjórar á haustönn og fjórar á vorönn merktar frá 1 upp í 4. Það sem nemandinn hefur mestan áhuga á verður þannig merkt 1 o.s.v.frv. Það verður reynt að komast til móts við val nemenda eins og kostur er. Allir fá einhverja af þeim valgreinum sem beðið er um nema ef svo illa myndi vilja til að allar valgreinarnar sem viðkomandi valdi sér verði ekki kenndar vegna þátttökuleysis.



Lækjarskóli